



Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK
Iceland

Garðabær, 4.2.2025

Málsnúmer: 202501-0033

LA

Efni: Kláfur upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðar. Matsáætlun.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 6. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna uppsetningu kláfs upp á Eyrarfjall ofan Ísafjarðarbæjar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og þar kemur fram flest það sem skoða þarf vegna mats á umhverfisáhrifum. Stofnunin skilaði inn umsögn um sömu framkvæmd til Skipulagsstofnunar 11. febrúar 2021 vegna matsskyldufyrirspurnar og er margt þar sem á enn við.

Í eldri umsögn Náttúrufræðistofnunar var nefnd þörf á veðurfarsrannsóknum, en fram kemur í matsáætlun að stuðst verður við veðurfarslegar upplýsingar frá öðrum svæðum. Ekki er ljóst hvort að þær upplýsingar séu fullnægjandi t.d. er varðar vind, snjóalög og ísingu upp á Eyrarfjalli. Fram kemur að sett verður upp veðurstöð samhliða framkvæmdum sem nýtt verður til þess að meta öruggan flutning á fólki sem verður að mestu leiti yfir sumarmánuði. Náttúrufræðistofnun telur að veðurfarsrannsóknir séu mikilvægur þáttur sem þarf að skoða vel áður en uppbygging og rekstur hefst.

Samkvæmt matsáætlun verða ekki gerðar sérstakar athuganir á jarðminjum en Náttúrufræðistofnun telur þörf á að kanna urðarbygging upp á Gleiðarhjalla og hvort í honum sé sífreri eða mögulegar hreyfingar á jarðefnum. Þá er mikilvægt að kanna vel brún Eyrarfjalls, ofan Gleiðarhjalla, með tillit til hættu á grjóthruni.

Gera þarf vel grein fyrir breytingum á ásýnd og landslagi fyrirhugaðra framkvæmda, eins og til stendur í umhverfismatsskýrslu. Fjallað verður um sjónræn áhrif í mati á umhverfisáhrifum og þar þarf einnig að koma fram áhrif vegna ljósmengunar. Gera þarf grein fyrir þjónustubyggingum, útsýnispöllum og handriðum á Eyrarfjalli og ásýnd þeirra. Náttúrufræðistofnun telur einnig mikilvægt að gerð sé grein fyrir áhrifum framkvæmda á óbyggð víðerni á Eyrarfjalli og nágrenni, ásamt umfangi skerðingar á þeim.

Mikilvægt er að í umhverfismatsskýrslu sé gerð grein fyrir frágangi framkvæmda sem valda raski á yfirborði og að gerð sé grenndarkynning meðal íbúa í byggð vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun.



Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur